

Ed.

279. Breytingartillaga

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 45 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir með leyningum kosningum.

A. 32 þingmenn skulu kosnir með óhlutbundnum kosningum, og þeir eða sá kosinn, sem flest fær atkvæði, í þessum kjördæmum:

Tvímenningskjördæmi:

Skagafjarðarsýsla,
Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður,
Norður-Múlasýsla,
Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður,
Rangárvallasýsla,
Arnessýsla.

Einmenningskjördæmi:

Hafnarfjarðarkaupstaður,
Gullbringu- og Kjósarsýsla,
Borgarfjarðarsýsla,
Mýrasýsla,
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
Dalasýsla,
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla,

Vestur-Ísafjarðarsýsla,
Ísafjarðarkaupstaður,
Norður-Ísafjarðarsýsla,
Strandasýsla,
Vestur-Húnavatnssýsla,
Austur-Húnavatnssýsla,
Akureyrarkaupstaður,
Suður-Þingeyjarsýsla,
Norður-Þingeyjarsýsla,
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Austur-Skaftafellssýsla,
Vestur-Skaftafellssýsla,
Vestmannaeyjar.

Ákveða má með lögum að skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- B. 8 þingmenn skulu kosnir með hlutbundnum kosningum í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis.

Ef þingmaður Reykjavíkur deyr eða fer frá á kjörtímanum, tekur sæti varaþingmaður hans, það sem eftir er kjörtímans.

- C. Ákveða má með lögum, að bætt verði við allt að 5 landskjörnum þingmönnum, ásamt varamönnum þeirra. Skal þá þeim þingsætum varið til jöfnunar milli stjórnmalaflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum. Um úthlutun þingsætanna skal miða við samanlagða kjósendatölu stjórnmalaflokkanna við kosningarnar í hlutfalli við tölu kosinna þingmanna í þeim kjördæmum. Varamaður landskjörins þingmanns tekur sæti eftir sömu reglu og gildir um varamenn Reykjavíkurbíngmanna.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.